



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

75 tölublað 7. árgangur mars 2019 Ábyrgðarmaður: Jónína Garðarsdóttir

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Kæru foreldrar

Við þökkum fyrir komuna á foreldraviðtalsdaginn en minnum í leiðinni á að þið eruð ávallt velkomin í skólann eða hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Æfingar fyrir árshátíðina, sem verður haldin 4. apríl, eru nú þegar hafnar og sú vinna er farin að setja svip sinn á skólastarfið. Spennandi tímar framundan og nóg um að vera með ýmsum uppbrotsdögum. Við vekjum athygli á því að fyrirkomulag öskudags á grunnskólastigi er ekki með hefðbundnu sniði í ár. Bestu kveðjur, Jóna og Jónína

Bolludagur og öskudagur

Á bolludaginn sér 5. bekkur um bollubúð og allir fá að fara í búðina og gæða sér á bolla.

Á öskudaginn verður leikskólastig í Iskólanum og slær köttinn úr tunnunni og gerir sér dagamun. Þeir sem vilja mega mæta í búningum. Andlistmálun verður í boði.

Á grunnskólastigi verður farið til Dalvíkur og sungið í verslunum þar. Börnin mæta því tilbúin í búningum í rútu um morguninn. Þau munu borða á Dalvík áður en þau verða keyrð heim kl. 11:40.

Á öskudaginn 6. mars lokar skólinn kl. 12:00. Þá hefst vetrarfríð sem er einnig 7.-8. mars.

Líðan nemenda

Í Árskógar skóla leggjum við áherslu á góða hegðun og framkomu, sjálfra okkar vegna og annarra. Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur! Eins og gengur og gerist gengur það misvel en við erum í skólanum til að læra og af mistökunum lærum við.

Við notum litahegðun til að hjálpa okkur að skilja og sjá á sjónrænan hátt hvaða hegðun er æskileg. Flestir eru **græni karlinn** eða vilja vera hann.

Sumir þurfa aðstoð við að vera sá græni en hér til hliðar má sjá hvaða hegðun stendur að baki litunum. Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Árskógar skóla. Eitt af markmiðum skólans er að halda uppi

öflugu forvarnarstarfi t.d. með aðferðum Uppbyggingarstefnunnar. Í Árskógar skóla er starfandi eineltisteymi og ef grunur vaknar um einelti hvetjum við alla til að tilkynna það til skólastjóra en hann er leiðtogi eineltisteymisins.

Rauður

Vill ráða
Lemur
Meiðir
Segir ljótt
Er æstur

Líður illa

Gulur

Vill ráða
Truflar
Stríðir
Segir ljótt

Líður illa

Grár

Er leiður

Lætur aðra
krakka ráða
yfir sér

Fýlu-stjórnar

Líður
frekar illa

Grænn

Hlustar
Hjálpar
Er glaður

Líður vel

Viðburðadagatal mars 2019

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

				1.	2.	3.
4. Þórey Guðfinna 2 ára  Bolludagur 	5. Sprengidagur 	6. Öskudagur Skóli lokar kl:12 	7. Vetrarfrí	8. Vetrarfrí	9.	10.
11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.
18.	19.	20.	21.	22.	23.	24.
25.	26.	27. Sigurbjörn Kristján 12 ára 	28.	29.	30. Tindri Páll 4 ára 	31.